



Reykjavík 5. júní 2023

## Niðurstaða athugunar á breytingum váttryggingarskilmála NOVIS

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hóf athugun 25. október 2022 á skilmálabreytingum váttryggingarsamninga NOVIS Insurance Company, NOVIS Versicherungsgesellschaft, NOVIS Compagnia di Assicurazioni, NOVIS Poist'ovňa a.s. (hér eftir NOVIS, félagið) við váttryggingartaka á Íslandi. Niðurstaða athugunarinnar lá fyrir í maí 2023.

NOVIS er undir eftirliti Seðlabanka Slóvakíu (Národna banka Slovenska), en eftirlit með eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum félagsins vegna starfsemi þess á Íslandi er í höndum fjármálaeftirlitsins, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 100/2016. Markmið athugunarinnar var að kanna hvort upplýsingagjöf félagsins til váttryggingartaka um skilmálabreytingar í október 2021 hafi verið í samræmi við ákvæði 1. mgr. 9. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi, sbr. 2. mgr. 4. gr. þágildandi reglna nr. 673/2017 um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti váttryggingafélaga, sbr. 2. mgr. 4. gr. núgildandi reglna nr. 353/2022 um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, samskipti við viðskiptavinum og meðhöndlun kvartana.

Skilmálabreytingarnar tóku til tveggja váttryggingatengdra fjárfestingarafurða NOVIS, þ.e. Wealth Insuring og Life Savings Plan. Þær voru í meginatriðum tvíþættar. Annars vegar var um að ræða skilmálabreytingar sem snéru að því að fella brott allar tilvísanir til fjárfestingaeininga (e. investment unit) og fastrar tengingar þeirra við eina evru. Það þýðir að eftir skilmálabreytingarnar voru Wealth Insuring og Life Savings Plan afurðirnar ekki skilgreindar sem einingatengdar afurðir út frá ákvæðum skilmála þeirra. Hins vegar var um að ræða skilmálabreytingar sem snéru að því að draga úr skyldu NOVIS til að fjárfesta innstæðum tryggingareikninga viðskiptavina sinna (greiddum iðgjöldum) að fullu. Þetta þýðir að eftir skilmálabreytingarnar var NOVIS ekki lengur skylt að fjárfesta öllum iðgjöldum sem viðskiptavinur hefur greitt félaginu, viðkomandi viðskiptavinum til hagsbóta.

Út frá fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum var það niðurstaða fjármálaeftirlitsins að félagið hafi veitt váttryggingartökum á Íslandi misvísandi og blekkjandi upplýsingar um skilmálabreytingarnar þannig að þeim hafi verið nánast ómögulegt að átta sig á þýðingu breytinganna og taka upplýsta ákvörðun um hvort þær samræmdust hagsmunum þeirra. Þá breytti félagið skilmálunum á grundvelli þegjandi samþykkis, þ.e. hreyfðu váttryggingartakar ekki við andmælum öðluðust skilmálabreytingarnar gildi. Upplýsingagjöf félagsins um ástæðu, tilgang og mögulegar afleiðingar skilmálabreytinganna fyrir þegar gerða váttryggingarsamninga við íslenska váttryggingartaka hafi þannig falið í sér gróft brot á ákvæðum laga og reglna um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti váttryggingafélaga, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 100/2016, sbr. 1., 2., 4. og 7. tl. 2. mgr. 4. gr. þágildandi reglna nr. 673/2017.

Fjármálaeftirlitið telur brot NOVIS gróf m.a. með tilliti til yfirburðastöðu þess gagnvart váttryggingartökum. Um var að ræða breytingar á flóknum skilmálum váttryggingatengdra fjárfestingarafurða sem félagið hafði ýmsa hagsmuni af, en eftirlitsaðili NOVIS, Seðlabanki Slóvakíu komst að þeirri niðurstöðu í [apríl](#) og [júní](#) 2021 að félagið hefði brotið gegn ákvæðum slóvakískra laga um váttryggingastarfsemi og fór fram á að félagið myndi fjárfesta til samræmis við skilmálana og auka fjárfestingar vegna þess um að lágmarki 20 milljónir evra.

Háttsemi félagsins hafði áhrif á alla váttryggingartaka á Íslandi sem gert höfðu samning um Wealth Insuring og/eða Life Savings Plan afurðirnar.

Með vísan til 1. mgr. 137. gr. laga nr. 100/2016, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi gerði fjármálaeftirlitið eftirfarandi úrbótakröfur:

- NOVIS afturkalli með tilkynningu á vef félagsins þær skilmálabreytingar á Wealth Insuring og Life Savings Plan afurðunum sem tóku gildi hinn 15. október 2021.
- NOVIS tilkynni váttryggingartökum skriflega um afturköllun skilmálabreytinganna.
- NOVIS upplýsi dreifingaraðila félagsins á Íslandi um ákvörðun fjármálaeftirlitsins í máli þessu og úrbótakröfur, svo dreifingaraðilar búi yfir fullnægjandi upplýsingum um stöðu málsins og geti í kjölfarið miðlað réttum upplýsingum til váttryggingartaka félagsins.
- NOVIS sendi fjármálaeftirlitinu afrit til staðfestingar á framkvæmd framangreindra úrbótakrafna.

Félaginu var veittur frestur til 8. júní 2023 til að ljúka við úrbætur.